218. fundur Kirkjugarðaráðs

Haldinn á Biskupsstofu við Borgartún 26 í Reykjavík

Fimmtudaginn 16. október 2025.

Mætt voru: Ragnhildur Benediktsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Biskupsstofu, fulltrúi biskups og formaður ráðsins, Ágústa Erlingsdóttir framkvæmdastjóri kirkjugarðaráðs, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri KGRP og fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri og fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og fulltrúi Kirkjuþings og Rúnar Leifsson forstöðumaður Minjastofnunar Íslands sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins var Jóhannes Finnur Halldórsson hagfræðingur.

Dagskrá fundar:

1. *Fundur settur kl. 11:00.*
2. *Fundargerð 217. fundar lögð fram til samþykktar*. Fundargerð samþykkt.
3. *Framlag af fjárlögum til kirkjugarða 2026*. Jóhannes Finnur ræddi framlag til kirkjugarða í fjárlagafrumvarpi ársins 2026 sem nú liggur fyrir Alþingi. Gert er ráð fyrir um 2,3% hækkun milli ára, úr 1.594.400.000 kr. árið 2025 í 1.631.600.000 kr. í frumvarpinu fyrir árið 2026. Inni í þessum tölum er tæplega 1% aðhaldskrafa sem og launa- og verðlagsbreytingar metnar á 52,5 milljónir króna.

   Athygli vekur að við útreikning á framlaginu 2026 er notast við þriggja ára gamlar magntölur, en ekki nýjustu gögn. Ef einingaverð síðasta árs er uppfært með launa- og verðlagshækkunum samkvæmt forsendum fjárlaga 2026 og margfaldað með nýjustu magntölunum, myndi framlagið hækka um u.þ.b. 300 m.kr. Fá þarf skýringar á því hvers vegna fjárhæðin er ákvörðuð á þennan máta í ráðuneytinu, Jóhannes Finnur mun afla frekari upplýsinga um það. Miðað við óbreytta skiptingu fjármuna verða grafargjöld 258.184.384 kr., sem er hækkun um 2,24% frá fyrra ári.

   Ákveðið var að óska eftir fundi kirkjugarðaráðs með dómsmálaráðherra til að ræða niðurskurð í málaflokkinn undanfarin ár. Rætt var um hvort skrifa þurfi nýja skýrslu um þróun fjárheimilda til málaflokksins til að varpa ljósi á stöðu mála. Mikilvægt er að ríkið geri nýjan samning við kirkjugarðaráð um fjármögnun kirkjugarða landsins. Jóhannes Finnur yfirgaf fund að loknum fundarlið.
4. *Drög að nýjum úthlutunarreglum Kirkjugarðasjóðs*. Ágústa kynnti. Drögin voru rædd og samþykkt.
5. *Önnur mál.* 1) Ragnhildur ræddi tillögu að breytingum á starfsreglum um söfnuði og sóknarnefndir nr. 16/2021-2022 sem bera á undir kirkjuþing. Breytingartillagan snýr að 2. og 5. tölulið 4. gr. sem fjallar um fundarefni sem taka skal upp á aðalsafnaðarfundum. Greinarnar fjalla annarsvegar um afgreiðslu reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir sl. ár og hins vegar um kosningu skoðunarmanna eða endurskoðanda sóknar og kirkjugarðs. Lagt er til að orðið „kirkjugarður“ sé fellt úr báðum töluliðum. Kirkjugarðaráð bókar að hreinlegast sé að fella út orðið „kirkjugarður“ enda sé rekstur

kirkjugarða ekki trúmál. 2) Ágústa ræddi möguleika á ráðningu nýs starfsmanns til kirkjugarðaráðs í 50% starfshlutfall og samhliða því yrði skipting verkefna milli kirkjugarðaráðs og Kirkjugarðasambands Íslands endurskoðuð. Nýr starfsmaður hefði umsjón með vef og forritun hans, sem nú er á hendi KGSÍ, og tæki jafnframt við legstaðaskrá og vinnu við gagnvirk kort. Kirkjugarðaráð bókar að starfsmaður verður verkefnaráðinn í 50% stöðu til eins árs. 3) Rætt var um kosti þess að kaupa bókhaldsþjónustu af öðrum aðila en Biskupsstofu. Það mál verður skoðað betur. 4) Ákveðið að desemberfundur kirkjugarðaráðs verður haldinn föstudaginn 12. desember.

6. *Næsti fundur.* Fundað verður fimmtudaginn 6. nóvember kl. 11:00 á Biskupsstofu í Borgartúni 26.

Fundi var slitið kl. 12:40.